


Fætur og forneskjulegir menn

Páll Guðmundsson sýnir höggmyndir að Kjarvalsstöðum

Páll Guðmundsson heitir ungur hæfileikamaður sem nú heldur höggmyndasýningu að Kjarvalsstöðum. Páll sýnir 23 höggmyndir, allar úr grjóti, utan eins sem er úr leir. Páll stundaði myndlistarnám á árunum 1977–81 og hefur haldið 6 sýningar auk þess sem hann tók þátt í samsýningu ungra myndlistarmanna, Kjarvalsstöðum, árið 1982.

Páll er frá Húsafelli og þaðan er einnig grjótið sem hann notar. Það finnst í Bæjargilinu á staðnum og er sérstætt vegna litar síns sem slær frá rauðu út í blátt. Páll flytur grjótið úr gilinu og heim á bæjarhlaðið þar sem hann heggur það til. Grjótið er einstætt, finnst hvergi utan Bæjargilsins og er einkar vel fallið til höggmyndagerðar.

Páli tekst einnig að gæða það sérstæðu lífi með því að fara bil beggja; höggva í það en leyfa því um leið að halda miklu af upprunalegri lögun. Þannig verða verkin stórskorin og tröllsleg, því eiginlega vaxa yrkisefnin út úr steininum án þess að losna nokkurn tíma við sínar náttúrulegu viðjar. Þetta eru náttröllin í þjóðsögunum á því augnabliki sem þau eru að breytast í stein.

Hver mynd hefur sinn lit og eru sumar gulrauðar en aðrar bleikar og nær fjólublár. Á sumum má enn sjá þornaða mosaslikju og rústrauða málmbletti. Allt eykur þetta á upprunalegan blæ þessara einlægu höggmynda og gefur þeim forneskjulegan svip í ætt við forsögulega list Kelta eða Íbera. Skyldleikinn við hálfsiðað úrlit höggmynda hinna síðarnefndu er stundum sláandi, þótt sá skyldleiki sé einungis hrein tilviljun. Einnig minna ýmsar lágmyndirnar, þar sem mótar fyrir fígúrum, á elstu tilraunir mannkynsins á þessu sviði.

Hvergi nær Páll betri tökum á efniviðum en þegar hann leyfir hugarfluginu að ráða ferðinni. Þá sér hann eitthvað út úr grjótinu og laðar það fram á fullkomlega eðlilegan hátt. Mannsfótur eða ljón, andlit eða sjálf listagyðjan leynast í þessu merkilega Húsafellsgrjóti til sanninda um það að ekki er allt sem sýnist, síst af öllu í íslenskri náttúru.

Ef einhver galli er á sýningu Páls þá er það allur þessi fjöldi portrettmynda sem dregur mátt úr heildarvirkninni. Ein eða tvær hefðu nægt, hinar eru til óþurftar og beinlínis til skaða fyrir listamanninn. Þær gefa áhorfendum tækifæri tilað horfa framhjá list hans og taka til við eftirlætisiðju íslenskra myndglápara fyrr og síðar: að mæta út hvort listamaðurinn „nái svipnum“ á Lúlla eða Láka úr sveitinni. Slíkt andleysispískur mátti hvarvetna heyra á sýningunni og þó að það sé dálítið spaugilegt og jafnvel alþýðlegt þá er misskilningur að það sé þjóðlegt. Þessi staðfæringarárátta sumra Íslendinga er nefnilega ekki annað en angi af sömu náttúruleysispestinni og þjakaði enska yfirstétt á dögum sir Joshua Reynolds. En hann kvartaði yfir því að fá aldrei að spreyta sig á öðru en heimskum jörlum, spúsum þeirra og krógum, enda stæði ensk myndlist langt að baki annarri evrópskri samtímalist.

En upp á móti þessum galla vegur margfalt náttúruleg einlægni Páls sem virðist vera í beinum tengslum við höfuðskepnur landsins, þjóðsagnahefð þess og kynjadýr.

HBR

Tónlist

Sérstæðir tónleikar

Háskólakórinn
Tónleikar í Félagsstofnun stúdenta 4. mars 1985
Efnisskrá:
Pétur Pálsson: Lög úr Sóleyjarkvæði, úts. Árni Harðarson
Jón Ásgeirsson: Á þessari rímlausu skeggöld
Hilmar Þórðarson: Nocturnes handa sólkerfinu
Lárus Halldór Grímsson: I sing to the Body Electric
Stjórnandi: Árni Harðarson

Það var gaman að heyra Háskólakórinn undir stjórn Árna Harðarsonar syngja lög eftir íslensk tónskáld, en tónleikarnir sem undirritaður heyrði fóru fram sunnudaginn 3. mars sl. Efnisskráin var mjög áhugaverð og það var auðheyrt að mikil vinna hefir verið lögð í undirbúning þessara sérstæðu tónleika.

Lög úr Sóleyjarkvæði Jóhannesar úr Kötlum eftir Pétur Pálsson, útsett af stjórnanda, var ansi áheyrilegt og var það vel sungið af kórnum. Merkilegra þótti mér samt „Á þessari rímlausu skeggöld“ eftir Jón Ásgeirsson, reyndasta og þekktasta tónskáld á þessari efnisskrá. Verkið var samið að beiðni danska tónskáldafélagsins. Það var upphaflega skrifað fyrir barnakór og frumflutt af drengjakór danska útvarpsins á norrænni tónlistarhátíð árið 1974 í Kaupmannahöfn. Jón útsetti verkið seinna fyrir blandaðan kór og flutti Háskólakórinn það árið 1976. Mér skilst að þetta sé í 4. skipti sem verkið er flutt af Háskólakórnum. Ljóðið er einnig eftir



Jóhannes úr Kötlum úr ljóðabálknum „Óhljóð“

Það er sannarlega þess vert að flytja þetta verk því það er aldeilis magnað og áhrifamikið og var það vel flutt af kór og stjórnanda.

Frumflutningur á „Nocturnes handa sólkerfinu“ eftir Hilmar Þórðarson, en hann er að ljúka námi við tónfræðideild Tónlistarskólans í Reykjavík, var næst á dagskrá. Það er samið við 8 af 12 ljóðum úr ljóðabálki Sigurðar Pálssonar sem kom út í bókinni „Ljóð vega menn“ árið 1980. Þar er hverri reikistjörnu tileinkað ljóð og einnig tunglinu. Hér eru tunglljóðin tvö felld inn í ljóð reikistjarnanna og flutt af kvartett. Það segir sig sjálft að það væri æskilegra að heyra svona verk oftar en einu sinni þegar leggja á dóm á það, en skemmtilegt var það sannarlega við fyrstu heyrn og er ég viss um að það vinnur á við nánari kynningu.

Að síðustu var verk eftir Lárus Halldór Grímsson, sem mér er sagt að sé við nám í Hollandi og það samið við ljóð ameríska 19. aldar skáldsins Walt Whitman en ljóðið kallar hann „I sing the Body Electric“. Þetta verk er samið fyrir þrískiptan kór og segulband „pantaði Háskólakórinn hjá Lárusi Halldóri Grímssyni í gegnum Musica Nova“ eins og stendur í efnisskrá. Verkið verður endurflutt á tónleikum Musica Nova 27. mars næstkomandi. Það er hugvitsamlega samið og er gaman að eiga þess kost að heyra það aftur á næstu tónleikum Musica Nova. Háskólakórinn stóð sig mjög vel á tónleikunum undir ágætri stjórn hins unga og efnilega tónlistarmanns Árna Harðarsonar.

R.S.

Kvikmyndir

Umhverfis landið á 80 mínútum

Hringurinn
Stjórn: Friðrik Þór Friðriksson.
Taka: Einar B. Arnbjörnsson og Gunnlaugur Þ. Pálsson.
Tónlist: Lárus H. Grímsson.
Framleiðandi: Íslenska kvikmyndasamsteypan 1985.
Lengd: 80 mínútur.

Á laugardaginn var frumsýnd íslenska kvikmyndin „Hringurinn“, en hún fjallar um hringveginn, þá merkilegu þjóðbraut sem tengir alla byggða landshluta þessa lands, að Vestfjörðunum einum undanskildum. Höfundur myndarinnar er Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður, en áður hafa verið sýndar eftir hann þrjár kvikmyndir, „Rokk í Reykjavík“, Eldsmiðurinn“ og „Kúrekar norðursins“.

Friðrik Þór fer hér ekki fremur en endranær troðnar slóðir í kvikmyndagerð. Sem heimildamyndahöfundur kemur hann okkur enn einu sinni á óvart. Hringurinn er nefnilega þannig tekinn að áhorfendur þurfa ekki lengri tíma en 80 mínútur til að spanna hann, en einsog menn vita þarf töluvert meira til ef aka á þessa sömu leið. Fídusinn er fólginn í tölvutengingu kvikmyndavélarinnar við hraðamæli bílsins, þannig að einn rammi er tekinn á hverjum 12 metrum.

Útkoman verður sú að okkur finnst við aka hringveginn á jöfnum hraða, hraða hljóðsins (um 1.250 km/klst.) og það er ekki laust við að maginn taki stundum kollsteypur þegar vegurinn er krókóttur eða ójafn. Landið kemur æðandi móti áhorfandanum, hvíldarlaust og án miskunnar. Finni menn til velgju eða svíma á verstu köflunum, er eina ráðið að snúa sér undan eða loka augunum um nokkra stund.

En til hvers er verið að gera



svona mynd, gæti einhver spurt. Því er e.t.v. ekki auðvelt að svara, en ekki er fráleitt að ætla það að Friðrik Þór vilji með myndinni gera okkur lengd hringvegarins skiljanlega með því að þjappa saman reynslunni af akstri hans í viðráðanleg tímamörk. Það er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir nær 1000 mílna vegarlengd. En sé henni umbreytt í hentuga og höndlanlega tímalengd, tekst huganum að nema hana og skynja á áþreifanlegan hátt.

Sé þetta rétt til getið, þá er Friðrik Þór að feta í fótspor Kristjáns Guðmundssonar hugmyndalistarmans, en hann gerði mönnum m.a. áþreifanlega grein fyrir ferli jarðar um sólu í bókinni „Once around the Sun“. En einnig er hægt að líta á þessa bráðsnjöllu heimildakvikmynd frá praktískara sjónarmiði. Hún gefur mönnum nefnilega tækifæri til að kynnast hringveginum án þess að eyða í það of miklum tíma eða kostnaði. Það getur haft sína kosti, s.s. ef menn (túristar t.d.) vilja fá smjörþefinn af hinum ýmsu landshlutum með væntanlegt ferðalag í huga.

En þess háttar landkynning gæti brugðið til beggja vona, því drottnin minn, svo margar sveitir þessa lands eru gjörsneyddar allri tilbreytingu ef aðeins er fylgt þessum lengsta vegi landsins. Reyndar afhjúpar myndin nokkuð rækilega rómantíkina um sumarleyfi á hringferð um landið. Bensínið þyrfti að vera töluvert ódýrara en það er, svo maður nennti í slíka ferð. En burtséð frá því, þá óska ég aðstandendum til hamingju með skemmtilega og frumlega mynd, ekki síst tónskáldinu, því músíkin við hana er frábær.

HBR